

Skólaping í Sjálandsskóla - þróunarverkefni

Staða verkefnisins

Á fundi kennara í haust var ákveðið að leggja megináherslu á tvo megin þætti verkefnisins á þessu skólári þ.e. fulltrúaping og heimaping en fara ekki í vorþing á að svo komnu máli þar sem að erfitt gæti verið um vik að sannfæra foreldra um ágæti þess að láta börnin kynna sér bæjarpóletíkina á fyrsta starfsári.

Undirbúningur

Fjallað var um skólaping á þrem fundum kennara og starfsmanna á undirbúnings- og skipulagsdögum í maí og ágúst. Einar Guðmundsson geðlæknir og fjallaði sérstaklega um heimaping á kennarafundi í september. Þá var fjallað um reynsluna af heimþingum á kennarafundi í desember.

Framkvæmd heimapings

Haldin voru 5 heimaping í nóvember með viku millibili og sátu það allir nemendur og starfsmenn Sjálandsskóla og ráðgjafar okkar þau: Einar, Guðrún og Helgi. Uppsetning var þannig að allur hópurinn sat saman í hring á jafnréttisgrunni. Umræðuefni var t.d. hvernig er að byrja í nýjum skóla, hvernig eignast maður vini, hvað gerum við til þess að láta öðrum líða vel. Hvað er það sem lætur okkur líða illa í skóla. Ákveðið ferli var greinilegt milli þessara vikna þar sem umræðan varð sífellt dýpri og hreinskilnari. Þ.e. frá skeytasendingum og stikkaorðastíl yfir í samræður og rökstudda framsögn. Nánari grein verður gerð fyrir heimþingi í lokskýrslu.

Framhald heimapings

Á vorönn verða haldin heimaping en líklegast þó með þeim þætti að þátttaka verði frjáls þ.e. að þeir sem vilja hafa áhrif á tiltekið málefni eigi kost á að taka þátt í þinginu. Þessi þing verða haldin án ráðgjafa.